

## Íslenska 5. bekkur

**Kennari:** Sif Hauksdóttir og Erla Þórey Ólafsdóttir

### Almennt um kennsluna

Nemendur 6. bekkjar fá 6 kennslustundir á viku í íslensku

### Námsaðlögun:

Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til þjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

### Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir íslensku eru sett fram í fjórum flokkum.

#### **Talað mál, hlustun og áhorf.**

- Að nemandi geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda.
- Að nemandi geti tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum
- Að nemandi geti hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum
- Að nemandi geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

#### **Leiðir að hæfniviðmiðum:**

Kennari skapar námsumhverfi sem hentar hverjum og einum og veitir þannig nemendum tækifæri til að læra á þann hátt sem hentar þeim best

- Kynnir verkefni sín bæði í hóp og einstaklingslega,
- tekur þátt í umræðum, hlustar og tjáir skoðanir sínar m.a. á bekkjafundum.
- Æfir upplestur á mismunandi textagerðum og les upp fyrir samnemendur og kennarar. Hlustar á upplestur á sögum og leikritum.
- Hlustar á mismunandi texta og tekur þátt í að ræða innihald þess.
- Tekur þátt í leikrænum æfingum.

#### **Lestur og bókmennir**

- Að nemandi geti lesi texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, leggi mat á hann og túlki
- Að nemandi geti lesið sér til ánægju og fróðleiks.
- Að nemandi geti greint og fjallað um aðalatriði í texta og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning texta.

- Að nemandi getið lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ævintýri, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum
- Að nemandi geti beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sögusvið og boðskap
- Að nemandi geti beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, s.s. rím, ljóðstafi og líkingar
- Að nemandi geti aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna.

### **Leiðir að hæfniviðmiðum**

Kennari skapar námsumhverfi sem hentar hverjum og einum og veitir þannig nemendum tækifæri til að læra á þann hátt sem hentar þeim best.

- Nemandi velur bókmenntir að eigin vali allan veturinn og er hvattur til að lesa fjölbreytta texta eftir bæði íslenska og þýdda höfunda.
- *Þjálfra hraða í skólanum með gagnvirkum lestri og æfingum.*
- *Skrifar útdrátt úr sögu eða kafla sem lesin er fyrir samnemendur.*
- *Les valdar þjóðsögur, skáldsögur og ljóð og skoðar innihald og form undir leiðsögn kennara.*
- *Vinnur með form ljóða og skapar sitt eigið ljóð.*

### **Ritun**

- Að nemandi geti skrifað læsilega og af öryggi og beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur
- Að nemandi geti samið texta þar sem eigin sköpun er beitt og njóti þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa hana
- Að nemandi geti beitt helstu atriðum í stafsetningar og greinamerkjasetningum og nái valdi á þeim.
- Að nemandi geti skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu og vísað til heimilda.

### **Leiðir að hæfniviðmiðum**

- Þjálfist í að skrifa mismunandi texta sem hann skapar sjálfur s.s. sögur, fréttir og fl.
- Þjálfist í að skrifa texta að eigin vali í ritun og vinna m.a. út frá kennsluáðferð sem kallast Skrifað í skrefum.
- Æfist í að nota fjölbreyttar aðferðir til að veita endurgjöf til samnemenda og fái uppbyggilega og faglega gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta ritsmíðar sínar t.d. með einni ósk og tveimur stjörnum
- Fær markvissa þjálfun í stafsetningu.
- Fær grunnþjálfun í ritvinnslu.

## Málfræði

- Að nemandi geti notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti – nýti sér kunnáttu og færni í að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
- Að nemandi átti sig á því hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð og fallorð og geti greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Að nemandi geti beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og geri sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
- Að nemandi geri sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.

## Leiðir að hæfniviðmiðum

Kennari skapar námsumhverfi sem hentar hverjum og einum og veitir þannig nemendum tækifæri til að læra á þann hátt sem hentar þeim best.

- Lestur góðra bóka, orðaleikir, orðabókavinna og fl.
- Æfi málfræðihugtök með leiðsögn og verkefnavinnu.

## Skipulag kennslunnar

Nemendur vinna eftir leiðsagnahefti þar kemur fram verkefnin sem á að vinna og hvaða hæfni er verið að þjálf. Nemendur þurfa svo að meta sig hvernig þeim gekk í verkefninu og hvort þau telji að þau hafi náð hæfni. Íslenskunámið er samtvinnuð öllu öðru námi. Nemendur læra ný hugtök í öllum greinum og auka þannig orðaforða sinn. Mikil áhersla er lögð á lesturinn og lesskilning hjá nemendum þar sem hann er undirstaða í öllu námi. Málfræði og stafsetning er fléttuð inn í allt nám nemenda og mikið lagt upp úr skapandi skrifum. Lestur í skóla auk lestrarspretta þrisvar yfir árið. Nemendur eiga auk þess að lesa í frjálislestrarbókum heima, a.m.k. 15-20 mínútur á hverjum degi og skila yfirliti í skólans á þriggja vikna fresti.

Fjölbreytilegar aðferðir eru notaðar og lögð er áhersla á að sköpunarkraftur nemenandans fái að njóta sín. Eftir áramól kynna nemendur bók og upplifun á bókinni fyrir samnemendum.

## Námsgögn

- Orðspor 2, les- og vinnubók.
- Málrækt 1 – málfræði.
- Smellur –lesskilningur
- Sköpunarbók - ritun
- Lestur - yndislestrarbækur,
- Ljóðspor
- Skrift 4 og 5
- Auk þess Stafsetning, ritreglur og æfingar og annað efni frá kennarar.

## Kennsluskipulag: með fyrirvara um breytingar

### Námsmat

Þekking, leikni og hæfni eru metin á fjölbreyttan hátt og í samræmi við kennsluhætti jafnt og þétt yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor. Umsagnir og Lesfimipróf eru þrisvar sinnum yfir veturinn og lesskilningskönnunin Orðarún er lögð fyrir tvisvar yfir árið.

Lögð verður áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum, til að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skal stefna.

### Hugtök – þættir sem unnið er með

Lestur og bókmenntir	Málfræði	Stafsetning	Ritun
Lesskilningur Leshraði Orðaforði Boðskapur Myndmál Rím Ljóðstafir Ljóðlína, Ljóð, Vísur Ævintýri Þjóðsögur Myndasögur Blaðagreinar	Andheiti/ samheiti Nafnorð Lýsingarorð Sagnorð Sérnöfn/samnöfn Greinir Kyn Fall Eintala/Fleirtala Nútfíð/þátíð Nafnháttur Orðtök Málshættir Stafrófsröð Margræðni orða Greinamerki	Stór og lífill stafur Ng/nk reglan -n/-nn reglan Tvöfaldur samhljóði	Punktur Komma Upphaf Meginmál Endir Setningar Málgreinar Forsíða/baksíða Persónulýsingar Mismunandi málsnið

## Íslenska 5. bekkur

Vika	Efnispáttur	Námsefni
22. ágúst – 29. ágúst	<b>Kynning á námsefni – bækur afhentar</b>	
September	<p><b>Lestur:</b> Fjölbreytt úrval lestrarbóka sem hæfir hverjum og einum. Daglegur lestur heima og í skóla.</p> <p><b>Málfræði:</b> Unnið með nafnorð, fallbeygingar Andheiti og samheiti</p> <p><b>Skrift:</b> skriftarbók 4 eða 5</p> <p><b>Ritun/stafsetning:</b> Sköpunarbókin: Skapandi skrif Stafsetning bæði á vefnum og valdar æfingar frá kennarar. Áhersla á stóran og lítinn staf</p> <p><b>Orðaforði;</b> Unnið markvisst með lesskilning og orðaforðavinnu.</p> <p><b>Bókmenntir;</b> Þematengd vinna með bókmenntatexta,  haustþema</p>	Skólaslit Orðspor Málrækt Skrift Stafsetning ritun
Október.	<p><b>Dansvika 9. – 13. okt.</b></p> <p><b>Lestur:</b> Fjölbreytt úrval lestrarbóka sem hæfir hverjum og einum. Daglegur lestur heima og í skóla.</p> <p><b>Málfræði:</b> Unnið með nafnorð, fallbeygingar Andheiti og samheiti</p> <p><b>Skrift:</b> skriftarbók 4 eða 5</p>	Skólaslit Orðspor 1 Málrækt 1 Skrift 4 og 5 Stafsetning ritun – Sköpunarbók og annað efni frá kennara

	<p><b>Ritun/stafsetning:</b> Sköpunarbókin: Skapandi skrif Stafsetning bæði á vefnum og valdar æfingar frá kennarar. Áhersla á stóran og lítinn staf</p> <p><b>Orðaforði;</b> Unnið markvisst með lesskilning og orðaforðavinnu.</p> <p><b>Bókmenntir;</b> Þematengd vinna með bókmenntatexta, hrekkjavakapema</p>	
<b>Nóvember</b>	<p><b>Lestur:</b> Fjölbreytt úrval lestrarbóka sem hæfir hverjum og einum. Daglegur lestur heima og í skóla.</p> <p><b>Málfræði:</b> Unnið með nafnorð og sagnorð,</p> <p><b>Ritun, skrift og stafsetning:</b> Sköpunarbókin: Skapandi skrif. Skrifarbók 4 eða 5 Stafsetning bæði á vefnum og valdar æfingar frá kennarar. Áhersla á ng og nk</p> <p><b>Orðaforði;</b> Unnið markvisst með lesskilning og orðaforðavinnu.</p> <p><b>Bókmenntir;</b> Þematengd vinna með bókmenntatexta, hrekkjavakapema</p>	<p>Skólaslit Orðspor 1 Málrækt 1 Skrift 4 og 5 Stafsetning ritun – Sköpunrbók</p> <p>og annað efi frá kennara</p>
<b>Desember</b>	<p><b>Lestur:</b> Fjölbreytt úrval lestrarbóka sem hæfir hverjum og einum. Daglegur lestur heima og í skóla.</p> <p><b>Málfræði:</b> Unnið með Lýsingarorð,</p> <p><b>Ritun, skrift og stafsetning:</b> Sköpunarbókin: Skapandi skrif, skrifarbók 4 og 5 Stafsetning bæði á vefnum og valdar æfingar frá kennarar.</p> <p><b>Orðaforði;</b> Unnið markvisst með lesskilning og orðaforðavinnu.</p> <p><b>Bókmenntir;</b> Þematengd vinna með bókmenntatexta, Jólápema</p>	<p>Skólaslit Orðspor 1 Málrækt 1 Skrift 4 og 5 Stafsetning ritun – Sköpunrbók</p> <p>Og annað efni frá kennara</p>

